

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
c/o Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík 6. janúar 2014

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun heildstæðrar stefnu um afreksfólk í íþróttum á þingskjali nr. 243 – 195. mál/143. löggjafarþing 2013-2014

Sundsamband Íslands þakkar fyrir það tækifæri að fá möguleika til að gefa álit sitt á þingskjali 243 – 195. máli sem flutt er á 143. löggjafarþingi 2013-2014, tillaga til þingsályktunar um mótun heildstæðrar stefnu um afreksfólk í íþróttum.

Sundsamband Íslands lýsir ánægju sinni með áhuga flutningsmanna tillögunnar á því að búa til heildstæða stefnu um afreksfólk í íþróttum í samvinnu við Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands og sérsambönd þess. Sundsamband Íslands hefur lengi verið mjög áfram um að umhverfi afreksfólks í íþróttum verði bætt og í samskiptum sínum við opinbera aðila hafa fulltrúar sambandsins ítrekað bent á eftirfarandi atriði.

- 1) Til þess að íþróttafólk geti orðið að afreksfólki í sinni íþróttgrein þarf að huga að uppbyggingu og möguleikum greinarinnar til að fjármagna það ferli sem verður til á leiðinni að afrekum. Það er mjög misjafnt hvernig aðstæður sérsambanda eru til að styðja við barna- og unglíngastarf félaga, hvaða möguleika sérsamband hefur til að minnka brottfall eldri unglínga og fullorðinna íþróttamanna úr greininni og sérsambönd hafa flest hver engar aðstæður til að veita íþróttafólkinu **nauðsynlegan faglegan, fjárhagslegan og félagslegan stuðning** og aðhald í uppbyggingu.
- 2) Til þess að íþróttafólk geti orðið að afreksfólki í sinni íþróttgrein þarf að huga að **möguleikum íþróttafólksins til að sækja sér eðlilega menntun samhliða íþróttastarfinu**. Ísland er langt á eftir í því að samræma skólagöngu við íþróttastarf og við í íþróttahreyfingunni finnum oft illa fyrir því að skólayfirvöld (ráðuneyti, menntasvið sveitarfélaga, skólastjórnendur í grunn-, framhalds og háskólum) hafa lítinn skilning á þeim ávinningi sem regluleg hreyfing og uppbygging íþróttafólks getur haft fyrir einstaklinga, einstaka skóla eða jafnvel skólastig og lítinn vilja til að vinna með íþróttafólki sem stundar íþrótt sína samhliða námi.
- 3) Til þess að íþróttafólk geti orðið að afreksfólki í sinni íþróttgrein þarf að huga að því að **íþróttafólk njóti eðlilegra lýðréttinda** eins og sjúkra- og heilsutrygginga, lífeyrisréttinda og svo framvegis. Það eru litlar líkur til þess að raunverulegt og lítt tilviljanakennt afreksstarf verði að veruleika nema hið opinbera lagi þetta með verulegum breytingum á núverandi reglum.
- 4) Til þess að íþróttafólk geti orðið afreksfólk í sinni íþróttgrein þarf að gæta að jafnrétti einstaklinga til að fá þjónustu og eiga möguleika á þátttöku í íþróttagreininni. Þarna koma til **sjónarmið um kynjajafnrétti, byggðajafnrétti og fleiri svið**. Það er grátlegt til þess að vita að allt afreksstarf íþróttahreyfingarinnar er að færast hingað á suðvesturhornið og möguleikar

þeirra sem búa annarsstaðar til að verða afreksíþróttafólk verða æ minni með hverju árinu sem líður. Við sjáum líka tilhneigingu einstakra íþróttagreina til að einbeita sér að og beina fjármagni sínu að öðru hvoru kyninu á kostnað hins, einfaldlega vegna þess að það gengur betur að fjármagna annað kynið.

- 5) Til þess íþróttafólk geti verið afreksfólk í sinni íþróttagrein þarf að **gæta að framfærslu íþróttafólksins** og tryggja að íþróttafólkið þurfi ekki að nota fjármuni sem ætlaðir eru til að kosta þátttöku í undirbúnings-, æfinga- eða keppnisverkefnum (td einstaklingsmerкта styrki Afrekssjóds) til framfærslu. Þetta tengist að sjálfssögðu atriði númer 3 hér að ofan.
- 6) Til þess að íþróttafólk geti verið afreksfólk í sinni íþróttagrein þarf að gæta að því að **íþróttafólkið sjálft og fjölskyldur þeirra þurfi ekki að kosta þátttöku í Norðurlanda-, Evrópu- eða heimsmeistaramótum** eins og nú tíðkast í mörgum íþróttagreinum, sérstaklega einstaklingsíþróttagreinum. Þessi kostnaður er gífurlegur og fyrir einn íþróttamann í einstaklingsgrein getur hann numið meira en verðgildi stórrar blokkaríbúðar í Reykjavík á 10 ára tímabili. Þessir fjármunir sem fjölskyldur íþróttafólksins leggja út til að íþróttafólkið geti keppt undir íslenskum fána, er fyrir utan þá fjármuni sem sérsamböndin leggja til. Þess vegna verður að efla Afrekssjód verulega, þannig að hann nýtist í sambærilegt afreksstarf eins og við sjáum til dæmis hjá Norðurlöndunum.

Það er skoðun okkar í íslensku sundhreyfingunni að heildstæða stefnu um afreksfólk í íþróttum verði að vinna í samstarfi við ÍSÍ og sérsambönd þess og þurfi meðal annars að innihalda lausnir á ofangreindum atriðum ef hún á að vera eitthvað annað og meira en orð á blaði og góð fyrirheit stjórnmalafólks. Því gæti verið eðlilegt að þessum sjónarmiðum sé á einhvern hátt gerð skil í tillögunni eða í umfjöllun um hana.

Í framhaldinu þarf að minnsta kosti að tífalda þá raunupphæð sem fer til starfssemi ÍSÍ og sérsambanda þess, það þarf að gera íþróttafólkinu mögulegt að framfleyta sér og löggjafinn þarf að tryggja með lagabreytingum eðlileg lýðrættindi íþróttafólks. Fyrir verður ekki til raunveruleg heildstæð stefna um afreksfólk í íþróttum.

Við vonum að þessi umsögn nýtist Alþingi í umfjöllun sinni um málið um leið og við vonumst til þess að umsögnin nýtist í áframhaldandi vinnu með þetta þarfa málefni. Fyrir hönd Sundsambands Íslands lýsi ég sambandið reiðubúið til að aðstoða við þá vinnu eftir þörfum.

Með bestu kveðju



Hörður J. Oddfríðarson
Formaður SSÍ
s: 7706067

formadur@sundsamband.is